kjarninn
35. útgáfa – 17. apríl 2014 – vika 16



SORGARSAGA SPARISJÓÐANNA

+ Stærstu sjóðirnir breyttust í fjárfestingarfélög

+ Grunur um markaðsmisnotkun og umboðssvik

+ Hluti mála hjá ríkissaksóknara mögulega fyrndur

35. ÚTGÁFA

Efnisyfirlit

17. apríl 2014 – vika 16



VIÐSKIPTI

Kjarninn segir frá, og birtir, kynningu sem sýnir vaxtardrauma lyfjafyrirtækisins Alvogen



KOSNINGAR

Rætt um skipulagsmál í Reykjavík og áherslur flokka í þeim



SJÓNVARP

Plain Vanilla er fyrsta umfjöllunarefni nýs liðar um nýsköpun

Píratar missa mann og Samfylking bætir við

Sitjandi meirihluti í Reykjavík fengi níu menn í borgarstjórn samkvæmt kosningaspá Kjarnans.

Líktist C.J. en líkist Stephanie Holden

Fréttakonan Sunna Valgerðardóttir er þeim forréttindum gædd að hafa ekki skoðanir.

Baráttan við páskaegg

Páll Ásgeir Ásgeirsson bendir á gönguleiðir til að ganga og vinna baráttuna við páskaeggið.

Kjúklingabiti til skrauts fyrir lokaballið

Kentucky Fried Chicken fetar nýjar spes brautir í markaðssetningu.

kjarninn

Laugavegi 71, 101 Reykjavík
Sími 551-0708
kjarninn@kjarninn.is
www.kjarninn.is

ISSN 2298-4402

Ritstjóri: Þórður Snær Júlíusson
Framkvæmdastjórar: Gísli Jóhann Eysteinsson og Hjalti Harðarson

Kjarninn miðlar ehf.
gefa Kjarnann út.


Ótakmörkuð símtöl og SMS
óháð kerfi í alla farsíma og heimasíma á Íslandi
Skiptu yfir í
Vodafone RED ›



LEIÐARI
Ægir Þór Eysteinsson

Kostnaðurinn við að gera upp

Ægir Þór Eysteinsson telur að samfélagið eigi ekki að horfa í kostnað við uppgjör bankahrunsins.

Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis um rannsókn á aðdraganda og orsökum erfiðleika og falls sparisjóðanna leit loksins dagsins ljós í síðustu viku. Það er við hæfi að nota orðið loksins, því gerð skýrslunnar dróst óheyrilega á langinn. Drátturinn er að vissu leyti skiljanlegur í ljósi þess að formaður nefndarinnar hætti í miðjum klíðum og verkefnið reyndist mun umfangsmeira en talið var í fyrstu. Þá hefur hæfi nefndarmanna verið dregið í efa og efnistök skýrslunnar verið gagnrýnd, en hver sá sem skoðar hana getur séð að hún er vel unnin.

Kostnaður við skýrsluna nemur 600 milljónum króna, sem greiðist af ríkissjóði. Kostnaðurinn er vissulega fáránlega hár, sér í lagi ef tekið er mið af því að skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis um bankahrunið kostaði um 450 milljónir, en fjármagninu er engu að síður vel varið.

Það kostar að gera upp, og samfélagið þarf á því að halda

að mál tengd bankahruninu verði gerð upp. Það er mikilvægt fyrir samfélagið í heild sinni að sem flestir vafasamir gjörningar sem viðgengust innan íslenska bankakerfisins í aðdraganda hrunsins verði dregnir fram í dagsljósið, bæði til að læra af þeim (sem ekki virðist vanþörf á þessi dægrin) og ekki síður svo að þjóðin geti farið að draga inn andann að fullu á ný.

Margir eru nefnilega skiljanlega enn herptir af reiði vegna bankahrunsins. Það ríkir enn mikið vantraust á meðal almennings til fjármálastofnana, svo ekki sé talað um Alþingi sem margur hristir höfuðið yfir. Þjóðin er enn í sárum, og lykillinn að því að halda áfram og byggja upp er að gera upp sakirnar við fortíðina. Á meðan á Alþingi þrífst grímulaus hagsmunagæsla fyrir höfuðatvinnuvegina mun traustið til þingsins ekki bera barr sitt í náinni framtíð. Hrunið hafði nefnilega þá jákvæðu hliðarverkun að nú virðast fleiri hafa áhuga á pólitík og umræðu, og færri kaupa gamaldags frændhygli og þjóðernisgorgeir eins og hefur því miður tíðkast á hinu háa Alþingi. Þjóðin lætur ekki bjóða sér hvað sem er lengur, hún er nefnilega komin upp á tærnar. Þessi fullyrðing skýtur auðvitað skökku við í ljósi yfirburðasigurs Framsóknarflokksins í síðustu alþingiskosningum, en hver kýs ekki með því að fá gefins peninga, og það frá hrægömmunum sem eiga þrotabú föllnu bankanna?

„Þetta fólk hefur beðið eftir því að fá upplýsingar, sem það hefur ekki möguleika á að nálgast sjálft, svo það geti mögulega leitað réttar síns. Af hverju á takmörkun á aðgengi upplýsinga að vinna með þeim sem báru ekki síst ábyrgð á því hvernig fór?“

Embætti Sérstaks saksóknara hefur nánast frá stofnun setið undir gagnrýni útrásarvíkinga og skósveina þeirra, fyrir seinagang við rannsóknir og illsku gagnvart þeim sem þó hafa réttarstöðu sakborninga, margir hverjir, í fjölda mála. Tilgangur þeirra sem hamast við að gera embættið ótrúverðugt er skýr, að draga úr trúverðugleika embættisins og kasta um leið rýrð á málatilbúnað embættisins. Lögmenn

á himinháaum launum hafa meira að segja gert sig að fíflum með því að segja sig frá málum áður en til kastanna kemur. Það verður dómstólanna að skera úr um málatilbúnað embættisins, sekt eða sakleysi hinna ákærðu, engra annarra.

Það er nefnilega ekki síður mikilvægt að þeir sem báru ábyrgð á hruninu verði sóttir til saka og dæmdir til að úr þeim verði gerð víti til varnaðar fyrir græðgiskarla framtíðarinnar. Ef þjóðin fær ekki réttlæti fyrir skaðann sem hún varð fyrir munu sár hennar aldrei eiga möguleika á að gróa svo nokkru nemur.

Það er mikið réttlætismál að Alþingi láti vinna skýrslur um það sem aflaga fór í aðdraganda hrunsins. Tugþúsundir einstaklinga, lántaka, stofnfjárhafa, hluthafa og fjölskyldna urðu fyrir barðinu á gegndarlausu vanhæfi og græðgi lítils hóps manna, sem virðast hafa verið með tögl og haldir í flestum húsum þar sem peningar voru til meðferðar fyrir hrunið mikla. Þetta fólk hefur beðið eftir því að fá upplýsingar, sem það hefur ekki möguleika á að nálgast sjálft, svo það geti mögulega leitað réttar síns. Af hverju á takmörkun á aðgengi upplýsinga að vinna með þeim sem báru ekki síst ábyrgð á því hvernig fór?

Nú liggur fyrir hvað það kostar almenning að lækka verðtryggðar húsnæðisskuldir í almennri aðgerð fyrir útvalda. Það er blóðugt þegar allir eru látnir borga fyrir suma eins og í fyrrgreindu tilfelli, en kostnaður við uppgjör bankahrunsins með tilheyrandi rannsóknarskýrslum og saksóknum er reikningur sem allir ættu að vera glaðir með að borga.



BANKAÞJÓNUSTA
Á NOKKRUM SEKÚNDUM

Með Arion appinu getur þú borgað reikninga og millifært á þekkta viðtakendur á nokkrum sekúndum.

Sækja appið

Arion banki

SPRON: Sparisjóður sem varð fjárfestingarfélag

Starfsemi Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis opinberuð með skýrslu rannsóknarnefndar.



EFNAHAGSMÁL
Þórður Snær Júlíusson
@thordursnaer

Lélegur kjarnarekstur, lítill vaxtamunur, útlán án veða og áhættusöm fjárfestingarstarfsemi einkenndi Sparisjóð Reykjavikur og nágrennis, síðar SPRON, stærsta sparisjóð landsins. Eigið fé SPRON var orðið neikvætt um 41,8 milljarða króna í lok árs 2008, skömmu áður en sjóðurinn féll. Þetta er sú niðurstaða sem hægt er að lesa úr skýrslu rannsóknarnefndar um sparisjóði landsins.

SPRON tók skrefið frá sparisjóðamódelinu og í átt að hreinni fjárfestingarstarfsemi lengra en flestir aðrir sparisjóðir. Sjóðnum var meðal annars breytt í hlutafélag haustið 2007, en virði félagsins féll það hratt í kjölfarið að búið var að samþykkja að láta Kaupþing taka SPRON yfir sumarið fyrir bankahrun. Af þeirri sameiningu varð þó aldrei og á endanum var SPRON tekinn yfir af Fjármálaeftirlitinu og lagður niður vorið 2009. Lítið hefur lekið út um hvað gekk á innan sjóðsins síðan þá og því varpar skýrsla rannsóknarnefndarinnar ljósi á margt sem áður var á huldu.

„Starfsmenn SPRON voru til að mynda með hærri laun en starfsmenn annarra sparisjóða. Á árinu 2008 voru þau 27 prósentum hærri.“

Hærri laun og meiri bónusar

Starfsmenn SPRON voru til að mynda með hærri laun en starfsmenn annarra sparisjóða. Á árinu 2008 voru þau 27 prósentum hærri. Til viðbótar nutu þeir ýmissa fríðinda, risnu, kaupaukagreiðslna og bónusa sem voru hærri en hjá öðrum sjóðum. Á árunum 2004 til 2007 var greidd út 208,1 milljón króna í kaupaaukagreiðslur til valinna starfsmanna og 231,5 milljónir króna í ýmsar misháar viðbótargreiðslur. Hæstu „viðbótargreiðsluna“ fékk Guðmundur Hauksson sparisjóðsstjóri, 69 milljónir króna.

Þessar háu greiðslur eru athyglisverðar þegar rekstur SPRON er skoðaður. Það mætti nefnilega ætla að hann hefði verið í blóma. Það var hann ekki. Afkoma kjarnareksturs SPRON, hreinar vaxta- og þóknanatekjur að frádregnum rekstrargjöldum og virðisrýrnun útlána, á árunum 2001 til 2008 var alltaf neikvæð. Allur hagnaður sem tilkynnt var um

var vegna fjárfestingarstarfsemi. Í skýrslunni segir enda að „Vaxtamunur hjá sparisjóðnum [hafi] minnkað töluvert á sama tíma [...] Þetta endurspeglar þá miklu áherslubreytingu sem varð hjá sparisjóðnum á tímabilinu er tekið var að horfa meira til fjárfestingarstarfsemi en hefðbundinnar sparisjóðastarfsemi“.

Þessi fjárfestingarbankastarfsemi snerist aðallega um að eiga hlutabréf og bókfæra hækkandi gengi þeirra sem hagnað.

SELDU STOFNFJÁRBRÉF Í „GLUGGANUM“

Skömmu áður en SPRON fór á hlutabréfamarkað í október 2007 var opinn svokallaður „gluggi“ þar sem stofnfjáreigendur gátu selt stofnfé án þess að gefið yrði upp hverjir seldu. Fjölmiðlar greindu frá því í lok árs 2007 og byrjun árs 2008 að á meðal þeirra sem seldu hefðu verið stjórnarmenn og sparisjóðsstjóri SPRON. Þau þurftu því ekki að taka á sig það mikla fall sem varð á bréfum í SPRON eftir að hann var skráður á markað.
Þessar sölur horfðu skakkt við mörgum enda sala á eignum oft talin til marks um að seljandinn hafi ekki trú á fyrirtækinu sem selt er í. Í skýrslunni er tilgreint nákvæmlega hverjir af þessum lykilmönnum, og mökum þeirra, það voru sem seldu stofnfjárbréf á þessum tíma. Stjórnarmennirnir voru þau Hildur Petersen, formaður stjórnar, Gunnar Þór Gíslason í gegnum Sundagarða ehf. og Jóhann Ásgeir Baldurs. Eiginkona Guðmundar Haukssonar seldi 90 prósent stofnfjárhluta sinna og Halldór Kolbeinsson, eiginmaður Hildar Petersen seldi 23 prósent stofnfjárhluta sinna. Alls seldu stjórnarmenn, sparisjóðsstjóri og aðilar tengdir þeim 30 prósent af bréfum sínum í „glugganum“. Þau seldu auk þess 28 prósent allra þeirra bréfa sem seld voru í honum.




Landsvirkjun
Árið 2013 er komið á netið
Rafræn ársskýrsla Landsvirkjunar 2013 er komin út. Þetta er í fyrsta sinn sem ársskýrsla fyrirtækisins er eingöngu gefin út á rafrænu formi. Með þessu viljum við tryggja betra aðgengi að árlegu uppgjöri Landsvirkjunar.
Smelltu hér
til að skoða ársskýrslu Landsvirkjunar.
JÓNSSON & LE'MACKS • JÍLS • SÍA

Útlán án veða

Samhliða því að SPRON fjárfesti í áhættusömum hlutabréfum, að mestu beint eða óbeint í Existu og Icebank (síðar Sparisjóðabankanum), reyndi sjóðurinn allt sem hann gat til að stækka umfang sitt til að hanga í útrásarbönkunum. Útlán hans jukust til að mynda gríðarlega á árunum fyrir hrun. Vegna þessa þrefölduðust heildareignir SPRON á árunum 2006 til 2007 og voru í lok þess tímabils orðnar 224 milljarðar króna.

Til að fjármagna allt þetta ævintýri jók SPRON mjög hlutfall erlendrar lántöku, aðallega frá þýskum og japönskum fjármálastofnunum, mjög á síðustu árum starfsævi sinnar. Hún þrefaldaðist til að mynda frá lokum árs 2005 og út árið 2007.

Samkvæmt skýrslunni voru útlánin aðallega drifin áfram af lánum til fjárfestinga í byggingaverkefnum og hlutabréfum. Í henni segir: „Afskriftaframlagið hélt hvergi nærri í við útlánavöxtin og var umtalsvert lægra en hjá öðrum sparisjóðum, þar til í árslok 2008 þegar niðurfærsluhlutfallið nam tæpum 17% af útlánum.“ Í árslok 2008 voru 38 milljarðar króna á afskriftarreikningi SPRON. Fyrir þann tíma höfðu þau mest verið um 1,4 milljarðar króna í árslok ársins 2007. Það þýðir á mannamáli að 38 milljarðar króna af útlánum sjóðsins hið minnsta voru því sem næst tapaðir.

„Nefndin rannsakaði stærstu lántakendur SPRON sérstaklega. Í úrtakinu voru 29 lánahópar. Umfang fyrirgreiðslu þeirra nam samtals 43,7 milljörðum króna í lok árs 2008.“

Þessi útlán, sérstaklega til hlutabréfakaupa, vöktu athygli eftirlitsaðila. Fjármálaeftirlitið gerði til að mynda athugun á útlánaáhættu sjóðsins í september 2007 og gerði í kjölfarið alvarlega athugasemd við að tryggingarþekja verðbréfa hefði lækkað mikið og „væri ekki í samræmi við ákvæði í lánareglum sparisjóðsins“.

SPRON lánaði líka mikla fjármuni til kaupa á stofnfé í sjálfum sér. Alls var sjóðurinn með handveð í 14 prósentum af „framreiknuðu heildarnafnverði stofnfjárbréfa í sparisjóðnum“. Slíkt er andstætt lögum um fjármálafyrirtæki.

Stærstu lántakendur

Nefndin rannsakaði stærstu lántakendur SPRON sérstaklega. Í úrtakinu voru 29 lánahópar. Umfang fyrirgreiðslu þeirra nam samtals 43,7 milljörðum króna í lok árs 2008 og hafði þá aukist mjög á skömmum tíma vegna falls íslensku krónunnar. Veð rýrnuðu á sama tíma mjög mikið, sérstaklega vegna fallandi verðmætis hluta- og stofnfjárbréfa. Á meðal þeirra lánahópa sem voru teknir út voru:

Eignarhaldsfélagið Samvinnutryggingar, varð síðar Gift fjárfestingarfélag ehf.
Að veði fyrir lánum til Gift voru sett hlutabréf í Existu hf., Straumi-Burðarási hf. og Saga Capital hf. Öll félögin eru gjaldþrota eða hafa farið í gegnum nauðasamninga. Í lok árs 2008 skuldaði Gift SPRON 1.444 milljónir króna og var öll upphæðin afskrifuð í lok árs 2008.

Brautarholt 20 ehf. og tengdir aðilar
Hópur sem var meðal annars stórtækur í byggingageiranum, skuldaði SPRON samtals um 5,4 milljarða króna í lok árs 2008. Áhættuskuldbindingin var 29,4 prósent af eiginfjárgrunni sjóðsins. Stór hluti af lánunum var afskrifaður.

Miðvörður ehf.
Miðvörður ehf. var í eigu lykilstarfsmanna hjá Sparisjóðnum í Keflavík sem tóku lán til stofnfjárkaupa í sjóðnum sínum og í Byr. Á meðal þeirra sem lánuðu félaginu var SPRON. Miðvörður varð gjaldþrota í maí 2010 og námu kröfur í búið um milljarði króna. Þar af var 402 milljóna króna kröfu lýst vegna lána sem SPRON veitti. Þrjár milljónir króna fengust upp í þær kröfur.

Icebank-hluthafalán
Síðla árs 2007 keyptu þrettán einkahlutafélög, sum hver í eigu stjórnenda Icebank hf., 43 prósenta hlut í bankanum. Tólf þessara félaga fengu lánað hjá SPRON fyrir 68 prósentum kaupverðsins. Heildarskuldbinding vegna

Icebank-hluthafalánanna nam tæpum 4,4 milljörðum króna í lok árs 2008 en hún hafði hækkað mikið vegna gengislækkunar krónunnar. Í lok árs 2008 hafði öll fjárhæðin verið færð sem sérgreint framlag í afskriftarreikning sparisjóðsins. Öll félögin tólf urðu gjaldþrota á árunum 2010 og 2011.



Sparisjóðsstjórinn
Guðmundur Hauksson var sparisjóðsstjóri, og síðar forstjóri, SPRON þar til sjóðurinn féll endanlega vorið 2009.

Exista

Exista hf. var fjárfestingarfélag sem var að stærstum hluta í eigu Bakkabræðra Holding B.V. og Kistu – fjárfestingarfélags ehf. Erlendur Hjaltason, stjórnarformaður Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, var annar tveggja forstjóra Existu hf., sem átti eignarhlut í félaginu líka. Þá var Guðmundur Hauksson, sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, í stjórn Existu hf. og átti jafnframt eignarhlut í félaginu.

Hinn 30. september 2008 lánaði SPRON Existu tvo milljarða króna í 30 daga. Þetta gerðist eftir að Glitnir var fallinn. Í skýrslunni segir: „Samdægurs [...] lagði dótturfélag Exista hf., Vátryggingafélag Íslands hf., 2 milljarða króna peningamarkaðsinnlán inn í [SPRON] með sama upphafs- og lokadag og lánið til Existu[...] Peningamarkaðsinnláni Vátryggingafélags Íslands hf. var breytt í almennt innlán á gjalddaga þess, 31. október 2008“.

Lánið var hins vegar aldrei greitt til baka. Á fundi endurskoðunarnefndar SPRON í janúar 2009 kom fram að þetta hefði verið „óheppileg lánveiting“. 1,6 milljarðar voru færðir á afskriftarreikning í lok árs 2008 en sú upphæð var enn útistandandi í júlí 2009 og hefur þannig líkast til öll tapast. Alls nam skuld Existu við SPRON 2,5 milljörðum króna í lok árs 2008.



Risastóra samhengið!

Nýtt meistaranám.
MA í alþjóðlegri stjórnmálahagfræði

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

www.nam.bifrost.is

Baugur Group og tengdir aðilar

Í skýrslunni kemur fram að Baugur Group og aðilar tengdir félaginu hafi fengið lán án veða m.a. vegna þess að Baugur hefði verið mjög fjársterkur aðili og að áratuga góð reynsla væri hjá sparisjóðnum af viðskiptum við aðila tengda félaginu.

650 milljóna króna lán sem SPRON veitti Baugi 1. júlí 2008 fór í vanskil í september 2008. Í skýrslunni segir: „Hinn 12. desember 2008 veitti sparisjóðurinn Baugi Group hf. lán að fjárhæð 1.149 milljónir króna [...] Lánið var veitt til að endurfjármagna eldri skuldir félagsins, bæði til uppgjörs á láninu frá því í júlí sama ár og greiðslu skuldabréfs [...] Skuldabréfið hafði verið gefið út til handa Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis í september 2007, upphaflega að nafnvirði 500 milljónir króna með lokagjalddaga 28. september 2008,en var í vanskilum frá þeim tíma. Sem tryggingu fyrir láninu lagði fram 29,5 prósent hlut í F- Capital sem veð. Baugur átti F-Capital að fullu en sama dag og þetta lán var veitt tók Sparisjóðabankinn yfir helming hlutafjár í félaginu til fullnustu skuldum við sig. Í lok desember 2008 voru færðar tæpar 1.150 milljónir króna í sérgreint afskriftaframlag vegna útlána til Baugs Group hf., eða sem nam heildarskuldbindingu félagsins. Baugur Group hf. var úrskurðað gjaldþrota í mars 2009."

Hvítsstaðir

Hvítsstaðir ehf. var stofnað árið 2002 til að kaupa fjórar jarðir á Mýrum af Sparisjóði Mýrasýslu. Félagið var í eigu Hreiðars Más Sigurðssonar, Sigurðar Einarssonar, Magnúsar Guðmundssonar, Steingríms P. Kárasonar, Ingólfs Helgasonar og Þorvaldar Lúðvíks Sigurjónssonar, en hann hvarf úr hluthafahópnum á árinu 2007.

Í desember 2011 kyrrsetti slitastjórn Kaupþings banka hf. hluti fimmmenninganna í Hvítsstöðum ehf. vegna skuldbindinga þeirra við þrotabú Kaupþings. Þá höfðu Hvítsstaðir ehf. einnig verið með háa skuldbindingu í Sparisjóði Mýrasýslu sem Arion banki hf. hafði yfirtekið eftir fall sparisjóðsins. Í lok árs 2011 var eigið fé Hvítsstaða ehf. neikvætt um 806 milljónir króna.

PENINGAMARKAÐSSJÓÐUR FULLUR AF EITRUÐUM EIGNUM

Peningamarkaðssjóðir voru mörgum hugleiknir þegar bankarnir hrundu, enda höfðu margir valið að setja sparnað sinn inn í þá í stað þess að geyma hann á innlánum. Ástæðan var einföld, loforð um mun betri ávöxtun. Þar fór SPRON fremst í flokki. Sjóðurinn lofaði viðskiptavinum sínum mikilli ávöxtun.

Vegna þess að viðskiptavinir fjármálastofnana voru ítrekað hvattir til að færa fé inn í þessa sjóði héldu margir að vilyrði ríkisins um að tryggja innstæður myndi líka eiga við um sjóðina. Það var rangt mat. Sjóðir stóru bankanna greiddu hins vegar hlutdeildarskírteinishöfum sínum út úr sjóðunum hluta eigna sinna og slitu þeim í kjölfarið. Hlutfall útgreiðslu byggði á ofmati á þeim eignum sem voru inni í peningamarkaðssjóðunum.

SPRON var ekki í sömu stöðu og stóru bankarnir hvað þetta varðar. Sjóðurinn fékk PwC og KPMG til að leggja mat á virði þeirra eigna sem voru í sjóðnum eftir hrun. Endurskoðendafyrirtækin komust að þeirri niðurstöðu að 73 prósent af virði þeirra bréfa sem þar var að finna myndu innheimtast. Í matinu var meðal annars reiknað með að 91 prósent af skuldabréfum Baugs myndi innheimtast. SPRON gekk lengra en matið og greiddi út 85,52 prósent.

Sjóður SPRON var fullur af vondum eignum. Uppistaða eigna hans, utan innlána, var bréf frá Samson, Existu, FL Group, Atorku, Baugi Group, Milestone, Sparisjóði Mýrasýslu og Landic Property. Öll þessi félög hafa orðið gjaldþrota eða farið í gegnum nauðasamninga. Ljóst er að lítið hefur innheimst af skuldabréfum þeirra.

Vanhæfi, áhætta og græðgi

Sorgarsögu Byrs sparisjóðs eru gerð góð skil í sparisjóðaskýrslunni. Vanhæfi stjórnarmanna, háar lánveitingar án trygginga og græðgi urðu sjóðnum að falli.



EFNAHAGSMÁL
Ægir Þór Eysteinsson
@aegireysteins

Við stofnun árið 2006 var Byr sparisjóður stærsti sparisjóður landsins, en rekstur sjóðsins skilaði hagnaði upp á tæpa 2,7 milljarða króna á fyrsta rekstrarári hans. Eignir sjóðsins í árslok 2006 námu 22 prósentum af samanlögðum eignum allra sparisjóða í landinu og í lok árs 2007 voru þær um þrjátíu prósent af heildareign allra sparisjóða. Í lok árs 2007 nam eigið fé hans rúmum 53 milljörðum króna og eiginfjárhlutfallið var 40,2 prósent á sama tíma. Sterk staða sjóðsins skýrðist fyrst og fremst af 26,3 milljarða króna stofnfjáraukningu í desember 2007, þeirri mestu í sparisjóðakerfinu fyrr og síðar.

Um helmingi stofnfjáraukningarinnar var svo varið til greiðslu arðs til stofnfjáreigenda þremur mánuðum síðar. Staða sjóðsins veiktist mikið á haustmánuðum 2008, en eiginfjárhlutfall hans í árslok 2008 var komið niður í 8,3 prósent, sem er rétt yfir lögbundnu lágmarki.

„Þar var um að ræða eingreiðslu upp á tæpar þrjátíu milljónir króna til framkvæmdastjóra markaðsviðskipta, sem tók mið af hagnaði sjóðsins af markaðsviðskiptum.“

Byr sparisjóður tapaði 16,5 milljörðum króna á fyrri hluta árs 2009, en heildartap sjóðsins það ár nam 38,8 milljörðum króna. Einungis virðisrýrnun útlána nam 38,2 milljörðum króna árið 2009, og í lok ársins var eigið fé sjóðsins orðið neikvætt um 22,6 milljarða króna og eiginfjárhlutfallið neikvætt um 18,5 prósent. Tap sjóðsins á árunum 2008 og 2009 má helst rekja til gengistaps af fjáreignum og umtalsverðs framlags í afskriftareikning vegna virðisrýrnunar útlána.

Óheyrilegar launagreiðslur, fríðindi og kaupaukar

Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um sparisjóðina kemur fram að í febrúar 2008 var greiddur kaupauki til þáverandi sparisjóðsstjóranna tveggja, þeirra Ragnars Z. Guðjónssonar og Magnúsar Ægis Magnússonar, og fékk hvor þeirra 9,2 milljónir króna í sinn hlut. Sparisjóðurinn greiddi einn árangurstengdan bónus á tímabilinu 30. júní 2008 til 23. apríl

árið 2010. Þar var um að ræða eingreiðslu upp á tæpar þrjátíu milljónir króna til framkvæmdastjóra markaðsviðskipta, sem tók mið af hagnaði sjóðsins af markaðsviðskiptum.

Ragnar Z. og Magnús Ægir höfðu báðir ákvæði í ráðningarsamningum sínum um sex mánaða uppsagnarfrest, auk ákvæðis um að að uppsagnartíma loknum skyldu þeir halda fullum launum í átján mánuði. Ef þeim yrði hins vegar gert að hætta störfum innan umsamins uppsagnartíma skyldi greiða þeim full laun í tvö ár frá því að uppsagnarfresturinn byrjaði að líða. Mánaðarlaun stjóranna voru 2,3 milljónir, en þeir nutu sömuleiðis 36 prósenta viðbótarframlags í séreignarsjóð, sem var langt umfram ákvæði kjarasamninga.

Framkvæmdastjórar fyrirtækjasviðs, Byrs verðbréfa og fjármálasviðs voru með ákvæði í ráðningarsamningum sínum um níu mánaða uppsagnarfrest, auk ákvæðis um að uppsagnarfrestur yrði greiddur ef þeim yrði gert að hætta störfum án tafar. Þá hafði framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs til afnota bifreið samkvæmt ráðningarsamningi, en hann hélt yfirráðum yfir henni í tíu og hálfan mánuð eftir starfslok. Framkvæmdastjóri Byrs verðbréfa og framkvæmdastjóri fjármálasviðs héldu yfirráðum sínum yfir bifreiðum sem þeir höfðu yfirráð yfir út uppsagnarfrestinn.

Athugasemdir við útlánasafn Byrs

Í mars 2009 skilaði endurskoðunarfyrirtækið KPMG, sem var ytri endurskoðandi Byrs, sérstakri skýrslu um skoðun á útlánum sjóðsins. Helstu niðurstöður voru þær að fjármálakreppan hefði haft mjög slæm áhrif á útlánasafn sjóðsins og ljóst væri að háar upphæðir myndu tapast. Stærstu fyrirsjáanlegu útlánatöpin tengdust Baugi Group, Stoðum (áður FL Group) Runnafélögum Þorsteins M. Jónssonar kennds við Kók, Hansa, félagi Björgólfs Guðmundssonar, og eignarhaldsfélögum sem keyptu hluti í Sparisjóðabanka Íslands (þá Icebank) haustið 2007 með lánveitingum frá Byr sem voru flestar með veð í hlutabréfunum sjálfum.


TAL
Fyrir okkur hin
Spila

Í árslok 2008 var skuldbinding Baugs Group og tengdra aðila stærsta áhættuskuldbinding Byrs, tæplega 21 prósent af eiginfjárgrunni sjóðsins, um 7,6 milljarðar króna. Á þessum tíma samanstóð lánahópurinn af Baugi Group, FL Group, Landic Ísland, Högum, Fjárfestingarfélaginu Gaumi – sem var í eigu Jón Ásgeirs Jóhannessonar og fjölskyldu – og Þyrpingu. Stærstu skuldbindingarnar voru við Baug Group og FL Group.

Baugur Group fékk ótrúlegar lánafyrirgreiðslur hjá Byr. Félagið fékk ítrekað lán upp á hundruð milljóna, ýmist í formi skuldabréfa eða yfirdráttarheimilda, og nær undantekningalaust án nokkurra trygginga en sumar lánveitingar voru samþykktar með tölvupóstunum frá sparisjóðsstjórunum. Í lok desember 2008 var búið að færa 2,3 milljarða króna í sérgreindan afskriftarreikning vegna útlána Baugs, eða um 80 prósent af heildarskuldbindingum félagsins. Baugur fékk samþykkta heimild til greiðslustöðvunar 11. febrúar 2009 og var úrskurðað gjaldþrota 13. mars sama ár.

Í skýrslu frá Fjármálaeftirlitinu, sem stofnunin gaf út í kjölfar vettvangsathugunar á útlánahættu Byrs í september 2007, kemur fram að nokkuð hafi skort á yfirsýn yfir útlánamál hjá sjóðnum. Þá væri sömuleiðis óljóst samkvæmt lánareglum hverjar útlánaheimildir sparisjóðsstjóra væru og lánareglur sjóðsins óskýrar hvað varðaði hlutverk lánanefndar, sem ekki hélt fundargerð. Í skýrslunni kemur jafnframt fram að áhættustýring sjóðsins hafi ekki haft gott yfirlit yfir útlánahættu sjóðsins og ekki hafi verið framkvæmd regluleg álagspróf eða aðrar greiningar til að meta útlánahættu. Þá vitnaði FME til skýrslu innri endurskoðanda Byrs frá 15. maí 2007, þar sem fram kom við skoðun á stærstu áhættuskuldbindingum sjóðsins að 2,7 milljarða vantaði upp á að formlegar tryggingar væru til staðar.

Shelley Oak ævintýrið

Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis er fjallað ítarlega um stærstu lántakendur sjóðsins og marga vafasama

lánagjörninga. Þar er fjallað um fasteignafélagið Shelley Oak, en saga þess er um margt áhugaverð.

Shelley Oak var breskt félag um fasteignaverkefni í London, og tók að sér svokallaða millilagsfjármögnun fyrir fyrirtæki og einstaklinga sem vildu þróa og byggja íbúðarhúsnæði. Bankar fjármagna gjarnan framkvæmdir upp að 80 prósentum og taka fyrsta veðrétt, millilagslán koma þá til viðbótar en þá ekki á fyrsta veðrétti.

Í byrjun janúar 2006 hafði Árni Helgason, félagi Jóns Þorsteins Jónssonar stjórnarformanns Byrs, samband við sjóðinn um hugsanlega þátttöku hans í fjármögnun fasteignaverkefna í Bretlandi. Félagið Saxbygg, sem var í helmings eigu félags sem Jón Þorsteinn átti tuttugu prósenta hlut í, hafði þegar aðkomu að verkefninu og hvatti Jón Þorsteinn Ragnar Z. Guðjónsson sparisjóðsstjóra til að skoða málið nánar.

Á fundi Saxbygg, Byrs og Shelley Oak 18. október 2006 var ákveðið að verðmæti Shelley Oak væri 1,2 milljónir sterlingspunda. Stjórn Byrs samþykkti nokkrum dögum síðar að kaupa 34 prósenta hlut í félaginu miðað við fyrirliggjandi verðmat. Ekki er að sjá af stjórnarfundargerð að fyrir fundinn hafi verið lögð gögn sem gerðu grein fyrir eigendum og stjórnendum Shelley Oak eða sögu og skipulagi félagsins. Þá réðist sjóðurinn ekki heldur í áreiðanleikakönnun á fasteignafélaginu áður en kaupin fóru fram.

Í október 2007 voru lagðar fyrir stjórn Byrs hugmyndir um að auka eignarhlut Byrs í félaginu. Árni Tómasson, fyrrverandi formaður skilanefndar Glitnis og eigandi AT ráðgjafar, sem fengið var til að vinna verðmat á Shelley Oak, mat virði þess á 3,6 milljarða króna. Stjórnendur Byrs töldu það verðmat glórulaust. Stuttu síðar náðist samkomulag um að Byr keypti 16,1 prósents hlut í félaginu af öðrum hluthöfum miðað við að verðmat félagsins væri um 2,5 milljarðar króna. Fjárfesting Byrs nam því 403 milljónum króna, en með kaupunum eignaðist hann 50,1 prósents hlut í Shelley Oak, sem varð þá dótturfélag sparisjóðsins.

Á stuttum starfstíma hafði verðmæti Shelley Oak hækkað

úr 0,5 sterlingspundum í 8,3 sterlingspund á hlut miðað við verðmat sem byggt var á rauntölum fyrir rétt rúmlega sex mánaða rekstur og væntingum um framtíðartekjur. Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis kemur fram að samkvæmt ársuppgjöri Shelley Oak fyrir árið 2007 hafi hagnaður félagsins numið 15,6 milljónum króna. Eigið fé félagsins nam 79,7 milljónum króna á sama tíma.

Á meðal þeirra hluthafa sem seldu Byr hluti sína í Shelley Oak voru Saxbygg, félag með tengsl við Jón Þorsteinn stjórnarformann Byrs, og félagið Quercus, sem var í eigu áðurnefnds Árna Helgasonar. Félögin fengu hlutabréfin sín staðgreidd fyrir samtals 1,5 milljónir sterlingspunda. Jón Þorsteinn vék af fundi þegar hlutabréfaviðskiptin voru samþykkt, en hann skrifaði engu að síður undir kaupsamningana fyrir hönd Byrs.

Áætlað tap Byrs sparisjóðs vegna niðurfærslu hlutafjár í Shelley Oak og lánafyrirgreiðslna nemur um 2,5 milljörðum króna. Líklegt má telja að Shelley Oak-málið hafi verið eitt þeirra sem rannsóknarnefnd Alþingis vísaði til Ríkissaksóknara til frekari rannsóknar.

GREINING Skýrsla rannsóknarnefndar um sparisjóðina

Markaðsmisnotkun, innherjabrot og umboðssvik



GREINING
Þórður Snær Júlíusson
@thordursnaer

Fjórir stærstu sparisjóðir landsins: SPRON, Byr og Sparisjóðirnir í Keflavík og Mýrasýslu, höguðu sér að mörgu leyti meira eins og fjárfestingarfélög en sparisjóðir. Þau voru undir hælnum á stærri bönkum eða ákveðnum viðskiptamannahópum og fjármögnuðu oft á tíðum gjörninga sem stóru bankarnir annaðhvort vildu ekki eða gátu ekki, sökum hámarksútlána til ákveðinna aðila, fjármagnað.

Kjarnastarfsemi þeirra var ónýt, vaxtamunur lítill eða enginn og sumum þeirra tókst meira að segja ekki að hagnast á því að lána út verðtryggð íbúðalán. Lán voru veitt án nægjanlegra trygginga og lánað var til stofnfjárkaupa með veði í bréfunum sjálfum, sem er andstætt lögum.

Í stað þess að þjónustutekjur og vaxtamunur inn- og útlána einkenndi rekstur sjóðanna fyrir bankahrun var uppistaðan í vexti og hagnaði þeirra nánast einvörðungu útlán sem orka í besta falli tvímælis og gríðarlega áhættusamar fjárfestingar í verðbréfum. Auk þess tóku þeir oft á tíðum þátt í fjárfestingarstarfsemi sem skilaði miklu tapi. SPRON

átti til að mynda í félögum sem fjárfestu í fasteignum í Berlín og stóðu að útrás Remax og sölu á kvennmannsnærfatnaði í öðrum Evrópulöndum.

Þetta er meðal þess sem kemur fram í skýrslu rannsóknarnefndar um starfsemi sparisjóðanna sem birt var í síðustu viku.

Tugmilljarða kostnaður lendir á skattgreiðendum

Þær pólitísku hugmyndir sem voru uppi um endurreisn sparisjóðakerfisins með einhverja af þessum sjóðum sem nýtt hryggjarstykki, sérstaklega Sparisjóðinn í Keflavík eða Byr, voru því eftir á að hyggja andvana fæddar. Í þær hefði aldrei átt að ráðast.

Ástand þessara sjóða vegna slælegs reksturs, mikillar áhættusækni, undirlægjusemi við ákveðnar fjármála- og viðskiptablokkir og vanþekkingar eða -getu starfsmanna sem fóru með mikil fjárráð, og dregið er fram í skýrslu rannsóknarnefndarinnar, sýna að raunhæfi slíkra hugmynda var ekkert. Niðurstaðan er að heildarkostnaður sem þegar hefur fallið á hið opinbera, skattgreiðendur, vegna erfiðleika og falls sparisjóðanna, er nú þegar rúmir 33 milljarðar króna. Uppistaðan í því tapi er kostnaður vegna Sparisjóðsins í Keflavík, rúmir 19 milljarðar króna án tillits til vaxta.

Auk þess ríkir enn óvissa um hvort og hvað muni falla til vegna uppgjörs við slitastjórn Sparisjóðabankans. Seðlabanki Íslands lýsti 215 milljarða króna kröfu í þrotabú bankans en lítill hluti krafnanna hefur verið samþykktur. Þessar kröfur eru vegna hinna svokölluðu endurhverfu viðskipta þar sem Sparisjóðabankinn var milliliður. Hann fékk lán hjá Seðlabanka Íslands og endurlánaði þau svo til viðskiptabanka og sparisjóða. Viðbúið er því að tugir milljarða króna til viðbótar tapist vegna þessarra lána.

Beintengdir við viðskipta- og bankablokkir

Þrír sjóðanna: SPRON, Sparisjóðurinn í Keflavík og Sparisjóður Mýrasýslu, beintengdu hagsmuni sína við Kaupþing í gegnum beint og óbeint eignarhald á hlutabréfum í Existu,

„Kjarnastarfsemi þeirra var ónýt, vaxtamunur lítill eða enginn og sumum þeirra tókst meira að segja ekki að hagnast á því að lána út verðtryggð íbúðalán. Lán voru veitt án nægjanlegra trygginga og lánað var til stofnfjárkaupa með veði í bréfunum sjálfum, sem er andstætt lögum.“

Make it matter

intel inside CORE i7

ett Aðeins 1,49 kg
þunn
& sterk Aðeins 1,59 cm



HP EliteBook Folio 1040 G1
með Intel® Core™ i7-4600U örgjörva.

Framúrskarandi hönnun, létt, þunn og sterkbyggð

HP hefur tekist að skapa einstaka fartölvulínu fyrir fyrirtækjaumhverfi. Jafnvel kröfuhörðustu notendur verða ekki fyrir vonbrigðum.

UltraSlim tengikví fyrir skrifstofuna.*

Léttu þér lífið.

SSD 128 GB

Solid State diskur (SSD).

3 ára ábyrgð á rafhlöðu.

*aukabúnaður

Kynntu þér EliteBook nánar á www.ok.is

Allar nánari upplýsingar á www.ok.is.
Intel, merki Intel, Intel inside, Intel Core og Core Inside eru vörumerki Intel Corporation í Bandaríkjunum og/eða öðrum löndum. Microsoft og Windows eru skráð vörumerki Microsoft Corporation.

OPIN KERFI
Sérfræðingar þér við hlið

Preferred Partner

stærsta eiganda bankans. Þegar Kaupþing og Exista féllu var ljóst að sjóðirnir þrír væru komnir í vanda sem þeir gætu ekki yfirstigið. Byr batt sig við hóp sem tengdist stærstu eigendum Glitnis, Baugi og fylgihnöttum, og lánaði honum risavaxnar fjárhæðir. Engar viðskiptalegar forsendur geta talist fyrir sumum þeirra lánveitinga og eru þær til rannsóknar hjá embætti sérstaks saksóknara.

Alls tilkynnti rannsóknarnefnd um sparisjóðina 21 mál til ríkissaksóknara. Hann á síðan að vísa þeim áfram til þar til bærra embætta. Þau eru sérstakur saksóknari og eftir atvikum Fjármálaeftirlitið. Auk þess rannsakar embætti sérstaks saksóknara nú þegar um tíu mál sem tengjast þeim. Hluti þeirra mála snýr að Sparisjóðnum í Keflavík og er meðal annars byggður á leyniskýrslu endurskoðunarfyrirtækisins PwC um sjóðinn sem skilað var í apríl 2011 og Kjarninn birti í heild sinni í fyrstu útgáfu sinni, 22. ágúst 2013. Hana má nálgast hér.

Heimildir Kjarnans herma að nánast öll þessi mál tengist stærstu fjórum sjóðunum. Þau mál sem vísað var til ríkissaksóknara eru margs konar. Þau snúast meðal annars um meinta markaðsmisnotkun og innherja- og umboðssvik.

„Samkvæmt heimildum Kjarnans á það við um hluta þeirra mála sem rannsóknarnefndin vísaði til ríkissaksóknara að þau eru fyrnd.“

Hluti málanna fyrndur

Hluti málanna fellur hins vegar undir sérrefsilög, ekki hegningarlög. Ef refsirammi þeirra er undir tveggja ára fangelsi geta slík mál fyrnst á fimm árum. Samkvæmt heimildum Kjarnans á það við um hluta þeirra mála sem rannsóknarnefndin vísaði til ríkissaksóknara að þau eru fyrnd. Rannsókn málsins gæti hins vegar leitt til þess að viðeigandi embætti færðu sum brotanna undir hegningarlög sem eru ekki þar núna.

Eitt vandamál blasir hins vegar við. Fjármálaeftirlitið hætti hrunrannsóknum í byrjun árs 2013. Þótt innan embættisins sé enn starfandi sérstakur rannsóknarhópur innan vettvangs- og verðbréfaeftirlits er geta þess til að takast á við stórtækar rannsóknir mjög skert.

Þetta skiptir miklu máli, til dæmis varðandi rannsóknir

á meintri markaðsmisnotkun, en nokkur slík mál komu út úr vinnu rannsóknarnefndar um starfsemi sparisjóðanna. Sérstakur saksóknari getur ekki tekið upp markaðsmisnotkunarmál nema eftir kæru frá Fjármálaeftirlitinu.

Í svari Fjármálaeftirlitsins við spurningum Kjarnans um málið segir að sum af málunum 21 sem nefndin hafi sent frá sér hafi varðað brot sem heyri undir Fjármálaeftirlitið og muni einungis sæta rannsókn lögreglu að undangenginni kæru frá eftirlitinu. Ef þau kalli á frekari rannsókn að hálfu þess muni hún fara fram. Síðan segir að „þó rannsóknum í kjölfar hrunsins sé formlega lokið hjá Fjármálaeftirlitinu er áfram rannsóknarhópur að störfum[...] og stofnunin því vel í stakk búin til að rannsaka mál“.

Afgerandi niðurstaða

Skýrsla rannsóknarnefndar um sparisjóðina hefur verið gagnrýnd töluvert í fjölmiðlum fyrir að vera ekki nógu afgerandi. Þótt í henni séu ekki dregnar jafn skýrar ályktanir og gert var í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um fall íslenska bankakerfisins sem kom út fyrir fjórum árum er skýrslan hins vegar uppfull af nýjum upplýsingum sem sýna í hversu slæmu ástandi sparisjóðakerfið var á árunum fyrir hrun. Heimildir nefndarinnar voru sambærilegar við þær sem sú fyrsta hafði, utan þess að skerpt var á að fjalla ekki jafn mikið um fjármál einstaklinga. Á þeim örfáu stöðum þar sem nöfn eru ekki nefnd er mjög fljótlega hægt að átta sig á um hverja er að ræða og fletta þeim upp í opinberum gagnasöfnum.

Í skýrslunni er því að finna sannleikann um afdrif sparisjóðakerfisins, og sérstaklega þeirra fjögurra sem ætluðu sér að spila með stóru strákunum. Og hann er ekki fallegur.

Vaxtardraumar Alvogen

Lyfjafyrirtækið Alvogen hefur vaxið gríðarlega hratt. Kynning fyrir fjárfesta sem Kjarninn birtir í dag sýnir miklar væntingar um vöxt.



VIÐSKIPTI
Magnús Halldórsson
@maggihalld

Róbert Wessman, forstjóri og forsprakki alþjóðlega lyfjafyrirtækisins Alvogen, hefur talað fyrir miklum vaxtaráformum fyrirtækisins hjá alþjóðlegum bönkum að undanförnu og er stefnan sett á að auka tekjur margfalt á næstu þremur árum.

Í einni sviðsmyndinni sem teiknuð var upp í kynningu Róberts fyrir austurríska bankann Reiffeisen hinn 28. október í fyrra, sem Kjarninn hefur undir höndum, kemur fram að tekjur fyrirtækisins á þessu ári verði 460,6 milljónir Bandaríkjadala en muni vaxa uppi í 902,5 milljónir dala á árinu 2017; tæplega tvöfaldast á þremur árum. Miðað við núverandi gengi krónunnar gagnvart Bandaríkjadal samkvæmt upplýsingum á vefsíðu Seðlabanka Íslands nema 902,5 milljónir dala ríflega hundrað milljörðum króna. Einnig er gert ráð fyrir að EBITDA-hagnaður (rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta) muni vaxa jafnt og þétt á þessum tíma; fara úr 69,2 milljónum dala í 217,2 milljónir dala. Helsta markaðssvæði fyrirtækisins er Bandaríkin, að því er fram kemur í kynningunni, en af ríflega 69,2 milljóna dala EBITDA-hagnaði fyrirtækisins á þessu ári munu 52,3 milljónir dala koma frá Bandaríkjunum. Önnur sterk markaðssvæði Alvogen eru Mið- og Austur-Evrópa og Asía.

„Samkvæmt kynningunni hefur vöxtur Alvogen verið gríðarlega hraður, en starfsmenn á heimsvísu, þegar allt er talið, voru í kringum 1.800 þegar kynningin var gerð.“

Ör vöxtur

Samkvæmt kynningunni hefur vöxtur Alvogen verið gríðarlega hraður, en starfsmenn á heimsvísu, þegar allt er talið, voru í kringum 1.800 þegar kynningin var gerð. Starfsemin dreifist á 34 lönd. Í kynningunni er sérstaklega tekið fram að fyrirtækið sé leitt af sama teymi og hafi gert Actavis Group að einu af leiðandi lyfjafyrirtækjum á heimsvísu, en Róbert stýrði sem kunnugt er Actavis um sjö ára skeið. Hann hætti hjá fyrirtækinu í ágúst 2008 eftir deilur við Björgólf Thor Björgólfsson, sem þá var stærsti eigandi Actavis. Deilur þeirra hafa síðan verið tíðar á dagskrá dómstóla hér á landi en þeir gerðu með sér sátt í nóvember 2012.



Róbert Wessman
Forstjóri Alvogen hefur stórhuga áform um uppbyggingu lyfjafyrirtækisins og vonast til þess að ná yfir 900 milljónum Bandaríkjadala í árstekjum innan þriggja ára.

Mikil tækifæri

Frá því að Róbert tók við stjórnartaumunum hjá Alvogen árið 2009 hafa hlutirnir gerst hratt. Fyrsta árið voru tekjurnar 37,1 milljón Bandaríkjadala en hafa hækkað jafnt og þétt síðan; voru 55,6 milljónir dala árið 2010, 136,2 milljónir dala árið 2011, 215,9 milljónir dala árið 2012 og 373,2 milljónir dala í fyrra. Vöxturinn hefur verið mikill, bæði innri og ytri vöxtur.

HÁTÆKNISETUR Í VATNSMÝRINNI – FRAMKVÆMDIR HÓFUST Í NÓVEMBER Í FYRRA

Hátæknisetur Alvogen verður reist við Sæmundargötu 15-19, innan Vísindagarða Háskóla Íslands, og verður um ellefu þúsund fermetrar að stærð. Heildarfjárfesting Alvogen vegna verkefnisins er áætluð um 25 milljarðar króna, þar með talin uppbygging á aðstöðu á Íslandi fyrir um 8 milljarða króna, samkvæmt tilkynningu vegna framkvæmdanna. Um 400 ársverk munu skapast á rúmlega tveggja ára framkvæmdatíma en auk þess er búist við að 200 ný stöðugildi muni skapast til framtíðar hjá Alvogen á Íslandi á næstu árum, samkvæmt upplýsingum frá fyrirtækinu.

Búist er við að árlegar tekjur af starfsemi Alvogen á Íslandi verði um 65 milljarðar króna þegar fyrstu líftæknilyf félagsins fara á markað á árinu 2019 og um 200 ný framtíðarstörf verða til hjá félaginu. Margt þarf þó að ganga upp svo þetta verði að veruleika enda eru fimm ár langur tími í viðskiptum. Stefnt er að því að starfsemi Alvogen verði samofin háskólasamfélaginu í Vatnsmýri og nái þannig að styðja við og nýta sér rannsóknir og framhaldsmenntun, meðal annars á sviði lífvísinda, lyfjaþróunar, viðskiptaþróunar og verkfræði.

Eirberg



BAUERFEIND®



Viðurkenndar stuðningshlífar

- Virkur stuðningur
- Vandaður vefnaður
- Góð öndun
- Einstök hönnun
- Fjölbreytt úrval

Fagleg ráðgjöf sjúkraþjálfara.
Tímapantanir

Eirberg ehf. Stórhöfða 25 • eirberg.is

Enn meiri vöxtur í reynd

Halldór Kristmannsson, talsmaður Alvogen, segir allt benda til þess að rekstur fyrirtækisins muni ganga jafnvel enn betur en áætlunin sem Kjarninn birtir í dag segir til um. Á þessu ári muni tekjur verða um 500 milljónir Bandaríkjadala og starfsmönnum hafi þegar fjölgað í tvö þúsund á heimsvísu, en um 50 þeirra eru hér á landi. Fyrirtækið byggir á gömlum grunni þó að vöxtur þess undanfarin fimm ár hafi verið gríðarlega hraður og tekjur næstum fjórtánfaldast frá árinu 2009. Meðal verksmiðja sem fyrirtækið rekur er Norwich Pharmaceuticals (NPI) í New York-ríki, sem er í hópi stærstu lyfjaverksmiðja Bandaríkjanna, með árlega framleiðslugetu upp á fimm milljarða taflna og hylkja. Auk þess rekur Alvogen nú lyfjaverksmiðjur og þróunarsetur í Suður-Kóreu, Rúmeníu og Taívan. Verksmiðjurnar eiga sér langa rekstrarsögu, 125 ár í New York ríki, 55 ár í Suður-Kóreu og 22 ár í Rúmeníu. Heildarframleiðslugeta í verksmiðjum Alvogen er um sjö til níu milljarðar taflna og hylkja, samkvæmt upplýsingum frá fyrirtækinu.


Að sögn Halldórs ætlar fyrirtækið að einblína á innri vöxt, létta yfirbyggingu og skynsamlegan vöxt, fremur en miklar og skuldsettar yfirtökur á keppinautum.

ÍTAREFNI

Stórhuga áform um uppbyggingu

Kynning Alvogen fyrir banka

Smelltu á fyrirsagnirnar til að lesa ítarefnið



kjarninn 17. apríl 2014

Nýtt eilífðarþrætuepli

Framboðin í Reykjavík eiga í erfiðleikum með skipulagsmálin.




Magnús Halldórsson blaðamaður og Þórður Snær Júlíusson, ritstjóri Kjarnans, ræða um skipulagsmálin í Reykjavík og áherslur framboðanna í þeim fyrir kosningarnar til sveitarstjórna 31. maí næstkomandi.

Smelltu hér til að hlusta á þáttinn

Kjarnaofninn er liður í kosningaumfjöllun Kjarnans þar sem helstu kosningamál framboðanna eru rædd. Þættirnir birtast hér í Kjarnanum og í hlaðvarpsstraumi Kjarnans.

Fylgi framboða til borgarstjórnar í Reykjavík

Samkvæmt nýjustu kosningaspá, gerðri 14. apríl 2014



REYKJAVÍK Ný könnun Capacent breytir landslagi kosningaspár Kjarnans

Samfylkingin með fimm menn inni í borgarstjórn

Samfylkingin bætir við sig einum manni frá síðustu kosningaspá og getur nú myndað sterkan níu manna meirihluta með Bjartri framtíð ef flokkarnir kjósa að halda núverandi meirihlutasamstarfi áfram. Píratar missa annan þeirra manna sem þeir hafa mælst með inni. Þetta er niðurstaða nýjustu kosningaspár Kjarnans og Baldurs Héðinssonar, doktors í stærðfræði. Spáin sameinar niðurstöður fyrirliggjandi skoðanakannana og byggir á áreiðanleika könnunaraðila í síðustu þremur borgarstjórnar- og alþingiskosningunum. Samfylkingin bætir við sig um 1,6 prósenta fylgi á milli spáa en Björt framtíð stendur nánast í stað með 25 prósenta fylgi. Sjálfstæðisflokkurinn bætir einnig við sig heilu prósentustigi en er samt sem áður þriðji stærsti flokkur borgarinnar og langt frá kjörfylgi sínu í síðustu kosningum. Þótt Píratar missi mann minnkar fylgi þeirra einungis um 0,5 prósent. Sá flokkur sem tapar langmestu er Vinstrihreyfingin – grænt framboð. Fylgi hennar dregst saman um 1,7 prósent á milli spáa. Næsti maður inn samkvæmt spánni kemur frá Bjartri framtíð. **ÞSJ**


Aðferðin

Forsendur spárinnar

Kosningaspa.is sameinar niðurstöður skoðanakannana við útreikning á fylgi flokka. Hverri könnun er gefið vægi sem ákvarðast af þremur þáttum: Hvar og hvenær könnunin er framkvæmd og hversu margir taka þátt. Því er spáin vegið meðaltal af könnunum. Nánar

Þróun á fylgi flokka og fjölda borgarfulltrúa á flokk í Reykjavík

Kosningaspá keyrð á tímabilinu 26. febrúar til 14. apríl 2014




Þróun á fjölda fulltrúa	4	4 ⇨ 5	5 ⇨ 4	4 ⇨ 4	4 ⇨ 4
	0	0 ⇨ 0	0 ⇨ 0	0 ⇨ 0	0 ⇨ 0
	5	5 ⇨ 4	4 ⇨ 4	4 ⇨ 4	4 ⇨ 4
	3	3 ⇨ 4	4 ⇨ 4	4 ⇨ 4	4 ⇨ 5
	0	0 ⇨ 0	0 ⇨ 0	0 ⇨ 0	0 ⇨ 0
	1	1 ⇨ 1	1 ⇨ 1	1 ⇨ 1	1 ⇨ 1
	2	2 ⇨ 1	1 ⇨ 2	2 ⇨ 2	2 ⇨ 1

Röðun fulltrúa samkvæmt nýjustu spá

Fimmtán fulltrúar eru kjörnir í borgarstjórn

Björt framtíð · Framsóknarflokkur · Sjálfstæðisflokkur · Samfylkingin · Dögun · Vinstri græn · Pírataflokkurinn

1	S1	6	D2	11	V1	*16*	*A5*
2	A1	7	Þ1	12	S4	*17*	*Þ2*
3	D1	8	S3	13	A4	*18*	*D5*
4	S2	9	A3	14	D4	*19*	*S6*
5	A2	10	D3	15	S5	*20*	*A6*



Vikmörk í nýjustu spá

A 2,9%	T 1,0%
B 1,1%	V 1,7%
D 2,8%	Þ 2,0%
S 2,9%	

Kannanir í nýjustu spá

Gerð 26. mars 2014

- Stöð 2 og Fréttablaðið 12. mars 2014
- Félagsvísindastofnun 17. til 23. mars 2014
- Þjóðarpúls Capacent 19. mars til 10. apríl 2014

Mistök það besta af öllu

QuizUp-leikur Plain Vanilla hefur notið fádæma velgengni um allan heim.



Plain Vanilla er enn að koma sér fyrir í nýju húsnæði að Laugavegi 77. Fyrirtækið gefur út leikinn QuizUp, sem er um þessar mundir að breytast í samfélagsmiðil. Notendur eru yfir sextán milljónir á heimsvísu og hefur fjölgað hratt. Magnús Halldórsson blaðamaður hitti Þorstein Friðriksson, forstjóra Plain Vanilla, og ræddi við hann um hraðan vöxt fyrirtækisins, hindranir sem þurfti að yfirstíga í upphafi og tækifærin fram undan. **MH**

Kjarninn, Keldan og Arion banki hafa tekið höndum saman um að fjalla ítarlega um Startup Reykjavík-verkefnið, frumkvöðla og íslensk nýsköpunarfyrirtæki.

Fyrir hugsandi fólk

Þú færð fermingargjöfina í Macland Laugavegi 17



Apple TV
verð 15.990 kr.-



MacBook Pro
verð frá 199.990 kr.-

Vaxtalaus kortalán til allt að 12 mánaða.



iPhone 5s
verð frá 109.900 kr.-



iPhone 5c
verð frá 89.900 kr.-



iPad
verð frá 49.990 kr.-

Laugavegur 17 | Sími: 580 7500 | verslun@macland.is | **macland.is**

macland



SJÖ SPURNINGAR

Sunna Valgerðardóttir

fréttakona

Af hverju hefur þú mestar áhyggjur þessa dagana?

Að sonur minn sé farinn að kunna að gúggla.

Hver er skoðun þín á efnahagslegri stöðu Íslands í augnablikinu?

Ég er þeim forréttindum gædd að hafa ekki skoðanir.

Hvað gerir þú alltaf um helgar?

Eyði að minnsta kosti hálfum degi í uppgjafarfötum.

Hvaða bók eða bækur ertu að lesa núna?

Andrésblöð. Á baðherberginu.

Hvaða lag fær þig til að dansa eins og Kjartan Guðmundsson?

Hit the Road, Jack og Gleðibankinn.

Hvaða persónu í bíómynd eða sjónvarpsþáttum líkist þú mest?

Ef ég væri tólf ára myndi ég segja CJ Parker í Strandvörðum (e. Baywatch). En ég er 31 árs svo ég segi Stephanie Holden í Strandvörðum (e. Baywatch).

Hvað er uppáhaldstækið þitt?

Bíllinn minn. Ég elska hann.

AF NETINU

Samfélagið segir
um RÚV og viðskipti

Facebook



SVEINN H. GUÐMARSSON

Nýir og spennandi tímar framundan! http://www.ruv.is/frett/ny-framkvaemdastjorn-ruv-kynnt-i-dag

miðvikudagur 16. apríl



JÓNAS KRISTJÁNSSON

Ef Guðni kyssir bara kýrnar, er þá ekki betra að fá vana menn á borð við Finn með gjaldmælana eða bara Alfreð sjálfan.

þriðjudagur 15. apríl



GUÐNÝ NÍELSEN

Hvers vegna velur fólk að geyma fleygt dýr í búri? Verum betri menn en þetta.

miðvikudagur 16. apríl

Twitter



DANÍEL TRAUSTASON @danieltrausta

Vondur dagur fyrir Ólínu Þorvarðar #ruv

miðvikudagur 16. apríl



BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON @bjorgving

Grein sem ég skrifaði 2005 með fyrirsögninni Græðgi er góð stendur... en ég verð hengdur fyrir síðustu málsgreinina. http://www.visir.is/graedgi-er-god/article/2005506090351

miðvikudagur 16. apríl



UNNUR EGGERTSDÓTTIR @unnureggerts

Besta vinkona mín er indversk prinsessa en þín? #hittilíkaViktor #bravopetur @Stórveldið http://instagram.com/p/myTgaYJOfh/

mánudagur 14. apríl

BAKHERBERGIÐ

Þóra Arnórsdóttir á leið í Yale?

Í bakherbergjum RÚV er nú pískrað um að Þóra Arnórsdóttir, aðstoðarritstjóri Kastljóss, hafi komist inn í hinn virðulega bandaríska háskóla Yale. Hún er þá önnur RÚV-stjarnan sem hefur fengið samþykkta dvöl í stórskóla á skömmum tíma, enda stutt síðan Gísli Marteinn Baldursson tilkynnti að hann hefði komist inn í svokallað „fellowship" við Harvard fyrir fólk með reynslu af borgarmálum. Vera hans endar þó ekki með gráðu. Gísli hefur þegar tilkynnt að hann muni taka sér ársleyfi vegna þessa. Ef Þóra fer líka í leyfi er ljóst að RÚV þarf að fylla tvö stór skópör næsta vetur.

Hvalveiðar halda áfram að skaða HB Granda

Það vakti töluverða athygli í síðasta mánuði þegar kanadísk-bandaríska sjávarútvegsfyrirtækið High Liner Foods tilkynnti að það ætlaði að hætta viðskiptum við HB Granda vegna hvalveiðitengsla íslenska fyrirtækisins, en Kristján Loftsson, einn stærsti eigandi HB Granda, er eigandi Hvals hf. Í frétt á heimasíðu Inter Press Service má lesa fregnir af því að fleiri stórir erlendir aðilar hafi hoppað á þann vagn. Þannig hafa bandarísku fyrirtækin Trader Joe´s og Whole Foods Market hætt viðskiptum við Legacy Seafoods, sem flytur inn fisk frá HB Granda. Ástæðan: hvalveiðar.











Smelltu á myndirnar til að sjá þær stærri og lesa um augnablikin



SPES Kentucky Fried Chicken fetar nýjar brautir í markaðssetningu

Kjúklingabiti til skrauts á úlnliðinn fyrir lokaballið

Nýjasta viðbótin við vörulínu skyndibitakeðjunnar Kentucky Fried Chicken (KFC) er skreyttur kjúklingabiti. Um er að ræða skraut sem hefð er fyrir að ungir menn færi stúlkunum sem þeir bjóða á lokaball ameríska framhaldsskóla.

Vöndurinn, eða skreytingin, er samstarfsverkefni KFC og blómabúðar í Louisville í Kentucky, en áhugasamir viðskiptavinir geta pantað hana á netinu. Skreytingin kostar litla tuttugu Bandaríkjadali.

Kjúklingabitinn kemur ekki með í pakkanum, en viðskiptavinirnir þurfa ekki að örvænta því með skreytingunni fylgir fimm dollara gjafakort fyrir einum kjúklingabita hjá KFC, þar sem þeir geta svo valið sér bita að eigin vali, sem best passar við kjólinn sem á að klæðast hverju sinni.

Uppátæki KFC hefur vakið athygli fjölmiðla vestan hafs, sem og auglýsingin á nýjustu vöru skyndibitarisans. Kjúklingaskreytingin hefur í senn verið auglýst sem glæsileg og próteinrík, og hefur hlotið góðar viðtökur.



PISTILL
Stefán Eiríksson
lögreglustjóri

Af forstöðumönnum

Stefán Eiríksson bíður spenntur eftir að sjá boðaðar breytingar á starfsumhverfi forstöðumanna.

Á Íslandi eru ríflega 200 stofnanir á vegum ríkisins af öllum stærðum og gerðum. Hjá þeirri fámennustu starfa einungis þrír starfsmenn en þeirri stærstu rúmlega 5.500 manns. Rúmlega helmingur stofnana ríkisins er með færri en 50 starfsmenn og hjá þeim starfa um 8% starfsmanna ríkisins. Þessar upplýsingar ásamt ýmsum öðrum fróðleik er hægt að nálgast á vefnum www.rikiskassinn.is þar sem veitt er innsýn í meginatriði ríkisrekstrar og efnahagsmála.

Það er í gegnum þessar ríflega 200 stofnanir sem ríkið sinnir verkefnum sínum fyrst og fremst. Allar starfa þær á grundvelli laga og eftir ákveðnu skipulagi í samræmi við verkefni og ábyrgð á hverju sviði. Á faglegum og fjárhagslegum rekstri hverrar stofnunar fyrir sig ber yfirleitt einn aðili ábyrgð, þ.e. viðkomandi forstöðumaður, stundum í umboði sérstakrar stjórnar sem einnig hefur skilgreindu hlutverki að gegna.

SMELLTU HÉR



PÁSKAPOTTUR!

Skelltu þér á miða því potturinn stefnir í 45 milljónir.
Leyfðu þér smá Lottó!



facebook
facebook.com/lotto.is

Félag forstöðumanna

Forstöðumenn ríkisstofnana eru skemmtilegur samtíningur af ýmiss konar fólki sem í senn sinnir sambærilegum og ólíkum verkefnum þegar kemur að rekstri stofnana. Þessi hópur hefur um árabil stillt saman strengi á vettvangi Félags forstöðumanna ríkistofnana sem staðið hefur fyrir fræðslu- og félagsstarfi af ýmsum toga. Félagið hefur til að mynda verið ötult við að benda á eitt og annað sem færa mætti til betri vegar í starfsumhverfi hins opinbera, verið virkur þátttakandi í ýmsum framfaraverkefnum, til dæmis á sviði nýsköpunar, og staðið fyrir málþingum um þau mál sem efst eru á baugi hverju sinni. Félagið heldur úti vefsíðunni www.ffr.is og er virkt í upplýsingamiðlun á samfélagsmiðlinum Facebook.

„Tillögur starfshóps um vinnuumhverfi forstöðumanna komu út fyrir tveimur árum og vöktu litla sem enga athygli. Það kemur kannski fáum á óvart enda ekkert sérstaklega áhugavert efni ef marka má titilinn og innihaldið kveikir ugglaust heldur ekki í mörgum.“

Eins og gefur að skilja hefur Félag forstöðumanna látið sig sérstaklega varða starfsumhverfi forstöðumanna. Í samræmi við tillögu félagsins var fyrir nokkrum árum settur á laggirnar starfshópur sem fékk það verkefni að skila tillögum um það efni. Skýrsla þessa starfshóps, sem ber yfirskriftina Tillögur starfshóps um vinnuumhverfi forstöðumanna, kom út fyrir tveimur árum síðan og vakti litla sem enga athygli. Það kemur kannski fáum á óvart enda ekkert sérstaklega áhugavert efni ef marka má titilinn og innihaldið kveikir ugglaust heldur ekki í mörgum. Ekki frekar en heróp Helga Björnssonar hefði kveikt í gestum á árshátíð Félags forstöðumanna, hefði hún verið haldin.

En þrátt fyrir óspennandi titil er að finna í þessari skýrslu mikilvægar tillögur og ábendingar um allrahanda úrbætur, bæði sem snúa að forstöðumönnunum sjálfum og ekki síður að starfsumhverfi þeirra; rekstri opinberra stofnana. Starfshópurinn sem skilaði umræddum tillögum fékk tvíþætt hlutverk. Honum var annars vegar falið að fjalla um

ytra umhverfi stofnana, þ.e. þann lagaramma sem þeim er almennt búinn sem og framkvæmd innan núverandi ramma. Hins vegar fékk hann það hlutverk að fjalla um stöðu forstöðumannsins sjálfs.

Úrbóta er þörf

Ef marka má tillögur hópsins er þörf á úrbótum á mörgum sviðum í ytra og innra umhverfi stofnana. Þörf er á því að mati skýrsluhöfunda að skilgreina með skýrum hætti sjálfstæði og ábyrgð stjórnenda á stefnumörkun og rekstri stofnana sinna um leið og tryggt verði að ráðherra og þing hafi skýrt mótaðar leiðir til að kalla viðkomandi forstöðumenn til ábyrgðar. Í tillögunum er kallað eftir heildarendurskoðun starfsmannalaga, sem og á fjárlagaferlinu og fjárreiðulögum. Þær tillögur snúa einkum að því að auka aðkomu forstöðumanna að því ferli og að áætlanir verði gerðar til lengri tíma til þess að vanda undirbúning og aðlögun að breyttum fjárframlögum og verkefnum.

Þegar kemur að stöðu forstöðumannsins sjálfs gerði starfshópurinn ýmsar tillögur. Þar á meðal að sett yrði heildstæð stjórnendastefna ríkisins og miðlægri einingu falin ábyrgð á fyrirkomulagi ráðningarmála, launaákvarðana, starfsþróunar, hreyfanleika og starfslokum forstöðumanna. Lagt er til að hreyfanleiki forstöðumanna innan ríkiskerfisins verði aukinn og að felld verði úr gildi sú skylda að upplýsa um nöfn og starfsheiti umsækjenda um laus störf. Lagt er til að fyrirkomulag launaákvarðana forstöðumanna verði tekið til gagngerrar endurskoðunar og nýtt fyrirkomulag tekið upp. Kallað er eftir því að frammistaða forstöðumanna verði metin reglulega og unnin verði starfsþróunaráætlun fyrir hvern og einn í þessum hópi, sem bæði taki til þróunar hans í núverandi starfi sem og til frekari starfsþróunar.

Hvað svo?

Góðir hlutir gerast hægt er viðkvæðið þegar óþolinmæði gerir vart við sig. Þó svo að framangreindum tillögum hafi

ekki þegar í stað verið hrint í framkvæmd má finna merki þess að hlustað sé á óskir forstöðumanna og tillögur um úrbætur. Fjármálaráðherra kynnti á fundi hjá Félagi forstöðumanna síðastliðið haust að fyrir lægju drög að lagafrumvarpi um opinber fjármál, en grunnhugmyndin á bak við þau er að þróa nútímalegar aðferðir við að stjórna fjármálum hins opinbera, þar á meðal með því að treysta samhengi fjárframlaga við framleiðni og árangur stofnana. Jafnframt er ráð fyrir því gert að breyta ásýnd fjárlaga í grundvallaratriðum með því að skipta þeim upp í tiltölulega fá málefnasvið og undir hverju sviði verði einnig fáir málaflokkar, í samanburði við hina 900 fjárlagaliði sem núverandi fjárlög skiptast í. Slík framsetning opnar fyrir ýmsa möguleika í skiptingu og dreifingu fjárframlaga milli einstakra stofnana í ljósi þess að fjárveiting verður bundin við málefnasvið en ekki einstaka stofnanir og fjárlagaliði. Það eykur um leið ábyrgð þeirra sem stofnunum ríkisins stýra sem og viðkomandi fagráðuneyta. Í frumvarpi til fjárlaga þessa árs eru þessi áform nánar rakin og þar kemur fram að með nýjum lögum um opinber fjármál sé ætlunin að tryggja vandaðan undirbúning stefnumörkunar í opinberum fjármálum, fá skýrari sýn á langtímamarkmið í fjármálum hins opinbera, auka aga, samræmingu og festu við opinbera fjárstjórn og framkvæmd fjárlaga og bæta eftirlit. Allt eru þetta góð og gild áform sem vonandi ná fram að ganga.

„Jafnframt er ráð fyrir því gert að að breyta ásýnd fjárlaga í grundvallaratriðum með því að skipta þeim upp í tiltölulega fá málefnasvið og undir hverju sviði verði einnig fáir málaflokkar.“

Fjármálaráðherra boðar það einnig í áðurnefndu fjárlagafrumvarpi að hugað verði sérstaklega að málefnum forstöðumanna og annarra æðstu stjórnenda ríkisins. Fram kemur að styrkja þurfi forstöðumenn sem liðsheild, efla starfsþróun þeirra og auka hreyfanleika í ríkiskerfinu. Full ástæða sé til að leita leiða til að finna ákvörðun um laun nýjan farveg og leggja í því samhengi aukna áherslu á frammistöðu og ábyrgð forstöðumanna. Í framhaldinu er það talið upp að

lagaákvæði um forstöðumenn og aðra æðstu stjórnendur verði endurskoðuð og samræmd, meðal annars ákvæði um stjórnunarumboð og ábyrgð, fyrirkomulag ráðninga, starfsþróun og hreyfanleika í ríkiskerfinu. Þá verði aðferðir við að ákveða laun forstöðumanna endurskoðaðar og aukin áhersla lögð á frammistöðu og ábyrgð.

Miðað við þessi orð í síðasta fjárlagafrumvarpi er ljóst að fjármálaráðherra ætlar að taka málefni forstöðumanna föstum og góðum tökum. Forstöðumenn bíða margir hverjir spenntir eftir því að sjá hvernig þessi atriði verða útfærð og hvenær búast megi við breytingum á bæði innra og ytra starfsumhverfi þeirra. Hver veit nema Félag forstöðumanna muni efna til árshátíðar þegar þessar umbætur allar eru komnar í höfn.



Baráttan við páskaeggið

Páll Ásgeir Ásgeirsson fjallaleiðsögumaður bendir á nokkrar góðar gönguleiðir um páskana til að fara með sigur af hólmi í baráttunni við páskaeggið.

LÍFSSTÍLL
Páll Ásgeir Ásgeirsson
fjallaleiðsögumaður

Deildu með umheiminum

Páskarnir eru kærkomið frí eftir langan vetur, fyrsta ferðahelgi ársins, tækifæri fyrir fjölskylduna til þess að fara saman í bústaðinn, hvíla sig þar og treysta böndin. Þeir eru í augum nútímamannsins miklu hedóníska skemmtun og slökun en hinir grafalvarlegu páskar fyrri tíðar.

Hugsið ykkur páska án internets, án útvarps nema Rásar eitt og án sjónvarps nema RÚV. Bætið því svo í blönduna að allar skemmtanir eru bannaðar og skemmtistaðir lokaðir, öll kvikmyndahús og verslanir eru lokuð, veitingastaðir sömuleiðis og mannfagnaðir engir í boði aðrir en messur og


LÆKNIRINN
Í ELDHÚSINU
FIMMTUDAGA KL. 20.00
SMELLTU HÉR
TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT!
SKJARINN.IS | 595 6000
SKJÁREINN
Holta
VÍKING

hugsanlega langdregnir hátíðatónleikar. Á dagskrá útvarps og sjónvarps eru alvöruþrungnar úttektir og umfjallanir um dauða og pínu Jesú Krists milli þess sem heil tónverk sem hæfa tilefninu eru flutt í fullri lengd.

Þetta voru seigdrepandi, langdregnir og umfram allt ofboðslega leiðinlegir páskar og aðferðin við að fagna þeim hefur áreiðanlega gert fleiri fráhverfa trúarbrögðum en öll biskupsmál seinni tíma samanlagt.

Páskarnir í dag eru hátíð páskaeggsins, dýrðaróður til stjórnlauss súkkulaðiáts, og eggið er eins konar miðpunktur eða háaltari í þeirri dýrkun.

„Þetta voru seigdrepandi, langdregnir og umfram allt ofboðslega leiðinlegir páskar og aðferðin við að fagna þeim hefur áreiðanlega gert fleiri fráhverfa trúarbrögðum en öll biskupsmál seinni tíma samanlagt.“

Við höfum löngu gleymt því hvað gerðist á skírdag og hvers vegna föstudagurinn er svona óbærilega langur en í hugum okkar allra er páskaeggið skýrasta táknmynd þessarar hátíðar. Páskaeggið er orðið að eins konar hlutgervingi fyrir hátíðina og hinir svokölluðu málshættir sem það inniheldur nálgast óðum stöðu véfréttar eða spádóms. Opnun páskaeggsins og lestur málsháttarins verður hápunktur hátíðar sem við vitum ekki lengur hvers vegna er hátíð.

Páskaeggið holdgervingur freistarans

Það er ekkert kristilegt við páskaegg. Páskaegg er bílífi, eftirgjöf og synd. Súkkulaði er oft líkt við freistingar sem við ættum að láta eftir okkur og það er oft sagt vera „syndsamlega gott“. Páskaeggið er í raun holdgerving freistarans, birtingarmynd djöfulsins í páskahaldi okkar tíma. Allt þetta skal ég gefa þér ef þú fellur fram og tilbiður mig og étur mig.

Ef við lítum á páskana þessum augum verður okkur ljóst að djöfullinn hefur sigrað, súkkulaðið ræður yfir páskunum og Kristur hefur verið gerður útlægur.

Algeng stærð á páskaeggi er á bilinu 250-400 grömm. Hver 100 grömm af mjólkursúkkulaði innihalda 550 hitaeiningar. Við þær bætast svo hitaeiningar í sælgæti sem er að



Baráttan unnin
Ákveða þarf hvort páskaeggið fáist í verðlaun fyrir næga hreyfingu eða hvort gangan sé til þess að afplána eggið.

finna inni í egginu sem sumar hverjar eru úr hreinum sykri eða nálægt því.

Án loforðs um hávísindalega úttekt er því óhætt að reikna með að meðalstórt páskaegg innihaldi um það bil 2.000 hitaeiningar. Það lætur nærri að vera hitaeiningaþörf eins dags fyrir manneskju sem er ekki tiltakanlega feit og stundar hreyfingu í meðallagi.

Nú er það svo að hvert kíló af fituvef inniheldur hér um bil 8.000 hitaeiningar svo að meðalstórt páskaegg er ígildi fjórðungs úr kílói. Þetta gætu menn viljað hafa í huga áður en þeir setjast við og graðga í sig páskaegginu til viðbótar við annan munað og útafbreytni í mataræði sem telja verður líklegt að flestir leyfi sér um stórhátíðar.

Nú er rétt að hafa í huga að páskaegg eru ekki sjálfsögð mannréttindi eða frumburðarréttur hvers og eins persónulega. Páskaegg eru heldur ekki skylda og því eru réttbornir þegnar landsins ekki skyldugir að snúa hjólum atvinnulífsins með páskaeggjaáti.

Ef frjáls maður hins vegar ákveður að kaupa páskaegg og

neyta þess um páskahátíðina er hann óhjákvæmilega orðinn þátttakandi í baráttunni við páskaeggið. Nánar tiltekið þarf hann að ákveða hvort hann fær páskaeggið í verðlaun fyrir vel heppnaða og næga hreyfingu eða lúskrast sakbitinn út að ganga í einhvers konar afplánun eftir að hafa rifið í sig heilt páskaegg í stjórnlausri neysluvímu og sykuræði.

Áhrifaríkar aðferðir til að sigra páskaeggið

Hér að framan er gefin sú forsenda að frjáls maður kaupi páskaegg en það er auðvitað blekking. Auglýsingar virka alveg prýðilega og þegar hefðir og þrýstingur frá samfélaginu bætast við er auðvitað algerlega vonlaust að komast undan því að kaupa páskaegg.



Við kaupum öll páskaegg.

Að þessu sögðu er ljóst að páskarnir eru fyrir allri alþýðu manna dæmdir til þess að verða barátta við páskaeggið þar sem sigur páskaeggsins virðist vera ljós fyrir fram.

En það er ekki svo. Örvæntið eigi.

Til eru aðferðir til þess að fara með sigur af hólmi í baráttunni við páskaeggið og hér skal bent á nokkrar þeirra.

Sá sem kemur heim eftir vel heppnaða gönguferð eða fjallgöngu og sest síðan niður með göngufélögum sínum eða fjölskyldu og fær sér gómsætt páskaegg að launum upplifir atvikið eins og afhendingu verðlauna.

Og þótt ekki viðri vel til fjallgangna er það engin afsökun fyrir því að láta fallast bugaður á sverð páskaeggsins. Vel má girða sig í brók, klæða sig vel og baksa fáeinar klukkustundir gegn hríð og stormum á láglendi og setjast svo sigri hrósandi að áti páskaeggs þegar heim er komið.

Lítum aðeins á ýmsa kosti sem dæmigerður páskaeggjaeigandi á þegar kemur að því að vinna sér inn eitt stykki páskaegg eða hluta þess.

Sá sem dvelur í sumarbústað í Grímsnesi eða nágrenni, svo dæmi sé tekið, getur valið sér nokkur býsna áhugaverð

fjöll til þess að ganga á. Eitt þeirra er Búrfell í Grímsnesi, sem er 534 metra hátt og um 7 km ganga á það fram og til baka. Búrfell landsins eru víst 47 talsins og ef maður ætlar að ganga á þau öll er ekki slæmt að byrja á þessu. Best er að fara frá bænum á Búrfelli.

Ef menn vilja takast á við lægra fjall er hægt að velja sér Mosfell, sem er rétt austan við sumarbústaðahverfið í Grímsnesi og ganga frá samnefndum bæ og kirkjustað. Mosfellið er lágt og létt fjall við allra hæfi, um 3 km ganga.

Hægt er að ganga á Ingólfsfjall, sem blasir við úr sumarbústaðahverfinu í Grímsnesi. Það er víða bratt og óárennilegt en frá Alviðru norðan við fjallið er vinsæl leið á fjallið sem ætti að geta verið vel fær á þessum árstíma.

Vilji menn komast enn frekar á bragðið og vinna sér fyrir stóru páskaeggi er hægt að aka austur í Skálholt og yfir Hvítá við Iðu, en þá er ferðalangur staddur við endann á Vörðufelli, sem er áberandi fjall á Suðurlandi og ágæt gönguleið upp á það að norðanverðu. Það er um 6-7 km ganga eftir því hve langt inn á fjallið menn vilja fara.

Sá sem er í meðallagi þungur/þung (minna en 100 kg) má gera ráð fyrir því að á röskri/erfiðri göngu sé brennslan í kringum 400 hitaeiningar á hverri klukkustund. Það þýðir að til þess að ganga af sér páskaegg af þeirri stærð sem hér er miðað við þarf að halda uppi slíkri brennslu í um 5 klukkustundir. Hér getur lesandi huggað sig við að páskaeggið er að jafnaði aðeins eitt á mann en páskarnir eru nokkrir dagar svo að hægt er að dreifa brennslunni á lengri tíma.

Þannig er í raun og veru hægt að umreikna fjallgöngur og gönguferðir yfir í páskaegg. Páskaegg númer fimm er Esjan upp að Steini þrisvar sinnum eða þar um bil. Rösk þriggja tíma ganga í Elliðaárdal með storminn í fangið er um hálft páskaegg númer fimm og svo framvegis.

Sá skuggi hvílir yfir þeim páskum sem nú fara í hönd að Veðurstofan spáir sunnanstormum og stórrigningum á búsvæði yfirgnæfandi meirihluta þjóðarinnar. Fyrir vikið er hætt við að margir lúti í gras í baráttunni við páskaegg þessa árs.

APPIÐ

Ingi Freyr Vilhjálmsson
Blaðamaður á DV og rithöfundur

„Ég á iPhone 5.“



SPOTIFY

Nota Spotify frekar mikið. Snilld að geta hlustað frítt á svo mikið magn af tónlist rafrænt. Á meðan rykfalla allir geisladiskarnir uppi í hillu. Af því ég er ekki með Spotify-áskrift þá þarf ég að hlusta á auglýsingarnar sem koma á milli laga.

WHATSAPP

„Skiptanemamamma“ mín í Venesúela lét mig hlaða niður WhatsApp og dritar á mig fréttum um ástandið þar. Ég hafði aldrei heyrt um það fyrr en móttek nú mörg skilaboð um borgarastyrjöldina sem virðist vera yfirvofandi.

TAXIKURIR

App frá leigubílafyrirtæki í Stokkhólmi, þar sem ég bý, sem virkar þannig að kúnninn pantar sér leigubíl í gegnum appið, gefur upp brottafarartíma og áfangastað og fær uppgefið verð. Svo fylgist maður með bílnum í appinu.

TÆKNI Blackmagic Pocket Cinema Camera

Black Magic-myndavélarnar eru fyrir myndbandsupptökur, litlar og nettar, en þykja framúrskarandi góðar fyrir myndbandavinnslu við hinar ýmsu aðstæður. HD gæði og auðvelt að taka upp, ekki síst á hreyfingu. Vélin hefur fengið afburðaumsagnir frá notendum og nýtur mikilla vinsælda, ekki síst vegna þess að hún þykir einstaklega vel hönnuð, falleg og notadrjúg í senn.

Vélin heitir Cinema Camera þar sem hún gefur góðum stærri myndbandsupptökumvélum neitt eftir.

Myndbandið sem birtist í Plain Vanilla í Kjarnanum í dag var tekið upp á Blackmagic Pocket Cinema Camera!

Markmiðið með hönnun vélarinnar var að ná miklum gæðum með litla vél, sem hefð stílhreint og aðlaðandi útli.

Vélin tekur upp á 1080 HD gæðum, er sextán bita (16 digital) og með alhliða myndbandsmöguleika.





Stór bíóhelgi vestan hafs

Það er fyrir löngu orðið venja í Bandaríkjunum að kvikmyndaframleiðendur frumsýni nýjar stórmyndir yfir páskahelgina. Kjarninn skoðar þær helstu.

MENNING
Ægir Þór Eysteinsson
@aegireysteins

Kvikmyndahús vestan hafs fyllast jafnan af nýjum kvikmyndum um páskahelgina. Um páska flykkjast kvikmyndaáhugamenn í bíósalina vopnaðir poppi og gosi til að berja nýjustu kvikmyndirnar augum, og barátta kvikmyndaframleiðenda um strauminn þessa þriggja daga helgi er í algleymingi. Að heimsækja undraheim kvikmyndanna er fyrir löngu orðið hefð um páskahelgina.

Í ár verður engin undantekning á, því um páskahelgina verða hvorki fleiri né færri en fimmtán kvikmyndir frumsýndar í kvikmyndahúsum vestan hafs. Kjarninn fer yfir þær helstu.



Heaven Is for Real

Kvikmyndin Heaven Is for Real skartar Greg Kinnear og Kelly Reilly í aðalhlutverkum ásamt nýstirninu Connor Corum, en hún er byggð á samnefndri sannsögulegri metsölubók Todd Burpo. Burpo, sem Kinnear leikur, sá sig knúinn til að deila með heiminum reynslu sonar síns sem kvaðst hafa heimsótt himnaríki er hann lá milli heims og helju eftir alvarleg veikindi. Leikstjóri kvikmyndarinnar er Randall Wallace, en hann leikstýrði meðal annars myndunum We Were Soldiers, með Mel Gibson í aðalhlutverki, og The Man in the Iron Mask með Leonardo DiCaprio. Wallace var tilnefndur til Óskarsverðlaunanna fyrir handritið að Braveheart. Búist er við að kvikmyndin Heaven Is for Real muni fá góða aðsókn um páskana.



Godzilla

Önnur Hollywood-myndin um japanska skrímslið Godzilla verður frumsýnd í Bandaríkjunum um páskahelgina. Fyrri myndin var frumsýnd árið 1998 og er einna frægust fyrir titillag myndarinnar sem Jamiroquai samdi. Sjálfur Heisenberg, stórleikarinn Bryan Cranston, fer með aðalhlutverkið í myndinni, sem er leikstýrt af breska leikstjóranum Gareth Edwards. Um dæmigerða hamfaramynd er að ræða sem virðist hlaðinn tæknibrellum, enda án þeirra erfitt að gera því skil þegar skrímsli á stærð við Hörpu gerir strandhögg í Bandaríkjunum.



Kid Cannabis

Kvikmyndin Kid Cannabis er byggð á sönnum atburðum. Hún fjallar um átján ára gamlan fyrrverandi menntaskólanema í Idaho sem byggði upp fíkniefnastórveldi með því að smygla maríjúana til Bandaríkjanna frá

SMASSSALAT



PANTA & SÆKJA

5 78 78 74

SAFFRAN

Kanada ásamt tuttugu og sjö ára vini sínum. Tvímenningarnir þénuðu milljónir Bandaríkjadala og lifðu hina ljúfa lífi, en hinum vafasama lífsstíl fylgdu vandamál sem kom þeim að lokum í koll. Jonathan Daniel Brown, Kenny Wormald, John C. McGinley og Ron Perlman fara með aðalhlutverkin í myndinni, sem er leikstýrt af John Stockwell sem hefur helst getið sér orð sem leikari. Myndin lofar mjög góðu.

The Final Member

Heimildarmyndin The Final Member, sem fjallar um Hið íslenzka reðasafn, verður tekin til sýninga í Bandaríkjunum á föstudaginn langa. Kanadamennirnir Jonah Bekhor og Zach Matt leikstýrðu myndinni og dvöldu langdvölum á Íslandi við gerð hennar. Myndin var sýnd á RIFF á síðasta ári, en hún fjallar um leit Sigurðar Hjartarsonar, stofnanda reðasafnsins, að lokalimnum – hinu mennska sýnishorni – og samkeppni tveggja manna við að veita safninu aðalsýningargripinn. Gaman verður að fylgjast með viðtökum Bandaríkjamanna við myndinni, en kostuleg stikla úr myndinni er stórskemmtileg.



Fading Gigolo

Stórleikarinn John Turturro leikstýrir og skrifar handritið að gamanmyndinni Fading Gigolo. Þó að kvikmyndin hafi verið frumsýnd á kvikmyndahátíðinni í Toronto á síðasta ári fer hún ekki í dreifingu í Bandaríkjunum fyrr en núna um páskana, og þá aðeins í valin kvikmyndahús. Hin umdeildi Woody Allen fer með hitt aðalhlutverkið í myndinni, sem mun vafalaust hafa neikvæð áhrif á aðsóknina. Myndin fjallar um venjulegan mann sem ákveður að snúa sér að vændi til að hjálpa blönkum vini sínum, sem tekur að sér að gera hann út. Þrátt fyrir alvarlegt umfjöllunarefni sögunnar ku myndin vera drepfyndin. Auk Allen og Turturro skartar myndin stórstjörnunum Sharon Stone, Sofiu Vergara, Vanessu Paradis og Liev Schreiber.





KJAFTÆÐI

Margrét Erla Maack
sirkuslistamaður og danskennari

Það vantar spýtur og það vantar smjör

Margrét Erla Maack skrifar af mikilli ástríðu um mat.

Sagt er að þegar fólk ferðast mikið eitt kynnist það sjálfu sér. Niðurstaða: Það eina sem ég hugsa um er hvar og hvað ég ætla að borða næst.“ Elsku litli unginn minn besti, litla systir mín, var ekki búin að búa lengi í Berlín þegar hún setti inn þennan status. Ég tengi. Í seinni tíð plana ég ferðalög í kringum mat – fyrst finn ég matsölustaðinn og svo það sem er í kring til að gera. Ferðafélagar taka þessu misvel í byrjun, en þegar upp er staðið eru allir þakklátir og tala um matinn sem hápunkta ferðarinnar. Fjölbreytnin maður! Þegar ég ferðast ein borða ég fjórum til fimm sinnum á dag (bara litla rétti (samt ekki)) til að besta ferðina. Samkvæmt einhverri reglugerð er víst takmarkað hversu margir veitingastaðir mega standa við t.d. Laugaveginn. Mikið er það leiðinlegt. Það er hins vegar engin takmörkun á bissnessum á borð við lundabangsabúðirnar sem virðast halda íslenskum efnahag uppi.

Mér finnst jafnskemmtilegt að fara á listasöfn og að fara

í matvörubúðir í útlöndum – og þar leysi ég líka minjagripagjafahöfuðverkinn: Bestu minjagripirnir eru chilisósur, ég þori ekki að smygla ostum. Ég vil meira eins og Frú Laugu, Búrið, Ostabúðina og matarhornið í Kolaportinu. Ég dýrka að kaupa mat beint frá býli á ferðalagi um Ísland. Matarmarkaðurinn sem var á Food and Fun í Hörpu mætti vera einu sinni til tvisvar í mánuði. Af hverju getum við Reykvíkingar ekki gert eins og í Marseille – farið niður á höfn og keypt okkur ferskt sjávarfang frá sjómanni með neftóbakstauma?

„Í einni fínni matvörubúð í LA voru yfir tuttugu gerðir af gúrmeismjöri frá smáframleiðendum. Hversu frábær tækifærisgjöf er gúrmeismjör? Ég vildi að ég gæti sett allar tuttugu gerðirnar af smjörinu á gjafaóskalistann fyrir þrítugsafmælið mitt.“

Þessi pistill er skrifaður í flugvél á ferðalagi um Bandaríkin. Í borgunum „mínum“ í ömmu ríku eru fleiri delikatessen, lífrænar og beint frá býli-búðir en á Íslandi, miðað við höfðatöluna góðu. Þessar upplýsingar eru ekki staðfestar með neinum opinberum tölum, en það bara hlýtur að vera. Í síðustu viku var ég í Seattle, þar sem býr undir ein milljón manna. Þar er ekki bara að finna fjölbreytta kabarettsenu, heldur líka sælkerasenu – fisk- og matarmarkaðurinn við höfnina er eitt það besta við borgina og ómissandi hluti af því að sækja hana heim.

Á þessu ferðalagi er ég orðin enn skotnari í tískuforskeytinu micro, til dæmis fyrir framan brugghús og creamery (þá á ég bæði við ísgerð og kremframleiðslu). Í einni fínni matvörubúð í LA voru yfir tuttugu gerðir af gúrmeismjöri frá smáframleiðendum. Hversu frábær tækifærisgjöf er gúrmeismjör? Ég vildi að ég gæti sett allar tuttugu gerðirnar af smjörinu á gjafaóskalistann fyrir þrítugsafmælið mitt. Þegar forstjóri Whole Foods hélt fyrirlestur á Íslandi talaði hún um tækifærin sem íslenskir matarframleiðendur gætu nýtt sér, framleiða minna, meira lókal, meira gúrmei. Í Draumalandinu furðar Andri Snær sig á því að það sé ekki hægt að fá fjölbreyttari mat frá nærumhverfi við hringveginn. Þetta er að lagast sem betur fer, en margir eru með sömu sveittu

hamborgarana og næsta sjoppa. Og afffffff hverju erum við ekki löngu búin að gera skyr að einhvers konar vernduðu/skrásettu vöruheiti? Svona eins og að kampavín má ekki heita kampavín nema það sé búið til í Champagne. Ka-tsjing.

Mér finnst ég búin að leggja mitt af mörkum til stórborgarkúltúrs Reykjavíkur. Þegar ég flutti heim haustið 2007 vældi ég hvað mér fannst vanta mikið á Íslandi sem væri svo stórkostlegt í New York þar til foreldrar mínir komu með tillögu: „Af hverju gerir þú ekki bara það sem þér fannst svona sniðugt þar?“ Því miður hef ég ekki tilskilin leyfi eða gráðu í matarbransanum en ég gerði það sem ég gat á öðrum vettvangi. Með hjálp góðs fólks tókst þetta og núna vinn ég við það sem ég dáðist að í New York fyrir sjö árum: Danskennslu, syngjókvöld á pari við uppáhaldskaraokeið mitt í New York, reyndi fyrir mér í uppistandi og fékk uppáhaldsgrínistann minn til að gigga á Íslandi, ég stofnaði sirkus ásamt fleirum sem hefur vaxið og dafnað og er núna aðalvinnan mín. Ég geri mér fulla grein fyrir því að það er flóknara ferli að stofna matvælaframleiðslu og veitingastaði en að smella í eitt karaoke, en mér finnst vanta svo mikið af matarskemmtun.

„Og afffffff hverju erum við ekki löngu búin að gera skyr að einhvers konar vernduðu/skrásettu vöruheiti?“

Þetta hefur allt gengið upp því að fólk er jákvætt og spennt fyrir nýjum hlutum og þess vegna reyni ég að styðja annað sniðugt eins og ég get: Mæti á staðinn, kaupi, segi sniðugu fólki frá því eða styrki verkefnið á fjölsöfnunarsíðum. Vinur minn er með frábæra reglu: Ef einhver er með gigg, og maður á fyrir því að borga inn, ekki biðja um að vera á gestalista heldur borga sig inn eins og pöpullinn. Ég veit að það er ógeðslega gaman og plöggaralegt að segja: „Ég er á gestalistanum sko,“ en í flestum tilfellum fær skapandi fólkið bara aðgangseyrinn fyrir sína vinnu. Ég ætla því að hætta gestalistabetlinu, ég á nefnilega pening eftir að ég hætti að vinna hjá RÚV.

Vér heimsborgarar söknum gjarna einhvers úr útlandinu – ég merki það á því að það eru alltaf færri og færri sem

klappa þegar flugvél lendir á Íslandi. Moustafa's Kebab, kúrekabar á horninu, taco fyrir innan við 400 kall, veitingastaðir sem eru með eldhúsið opið lengur en til klukkan tíu, ísbúðir sem bjóða upp á chiliduft og sjávarsalt út á súkkulaðidýfðan ís, eða tuttugu gerðir af gúrmeismjöri. Sýnum að við söknum þessa í alvöru og gerum meira. Ég er geim í alls konar, að minnsta kosti að mæta, kaupa og styðja. Ég er tilbúin að sætta mig við bara tólf gerðir af smjöri. Hver er memm?

KJARNINN

Hlaðvarp

Hlustaðu á Hlaðvarp Kjarnans þegar þú vilt, hvar sem þú ert.



Smelltu hér til að velja þér þætti úr Hlaðvarpi Kjarnans eða gerast áskrifandi.



NÆST Á DAGSKRÁ

Hismið

Árni Helgason og Grétar Theodórsson ásamt gestum fara í loftið alla föstudaga

kjarninn